I. Til samgönguráðherra um rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð o. fl.

Frá Jóni Árnasyni.

1. Hvað líður störfum nefndar, er skipuð var til að vinna að fullkominni rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð, samkvæmt þingsályktun samþ. 18. apríl 1967?
2. Hvað líður rannsóknum um væntanlega brúargerð yfir Hvítá hjá Borgarnesi?

II. Til sjávarútvegsráðherra um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa s. l. sumar.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hvaða aðilar á Faxaflóasvæðinu voru beðnir um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa s. l. sumar?
2. Frá hvaða aðilum bárust svör?
3. Á hvern veg voru álitsgerðir, sem bárust:
   a) fyrir 25. apríl
   b) fyrir 20. júní?